

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/1014****2020/EES/16/17****frá 12. júní 2019**

um að mæla fyrir um ítarlegar reglur um lágmarkskröfur fyrir landamæraeftirlitsstöðvar, þ.m.t. skoðunarmiðstöðvar, og um snið, flokka og skammstafanir til að nota til að skrá landamæraeftirlitsstöðvar og eftirlitsstaði (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 60. gr. og 4. mgr. 64. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) 2017/625 er m.a. komið á fót ramma um framkvæmd opinbers eftirlits og annarrar opinberrar starfsemi í tengslum við dýr og vörur sem koma inn til Sambandsins frá þriðju löndum til að sannreyna að farið sé að löggjöf Sambandsins um landbúnaðartengdu matvælakeðjuna í því skyni að vernda heilbrigði manna, dýra og plantna, velferð dýra og, að því er varðar erfðabreyttar lífverur og plöntuverndarvörur, einnig umhverfið. Þar er kveðið á um að opinbert eftirlit eigi að fara fram með sendingum af dýrum og vörum á landamæraeftirlitsstöð þar sem þær koma fyrst inn til Sambandsins. Í því skyni eiga aðildarríki að tilnefna landamæraeftirlitsstöðvar.
- 2) Í reglugerð (ESB) 2017/625 eru settar fram lágmarkskröfur sem landamæraeftirlitsstöðvar þurfa að uppfylla til að verða tilnefndar. Því er rétt að mæla fyrir um ítarlegar reglur um lágmarkskröfur varðandi innviði, búnað og gögn á landamæraeftirlitsstöðvum.
- 3) Til að vernda heilbrigði manna og dýra ætti að fastsetja ítarlegar viðbótarreglur um lágmarkskröfur fyrir landamæraeftirlitsstöðvar sem hafa verið tilnefndar fyrir flokkinn dýr og tiltekna flokka vara, s.s. afurðir úr dýraríkinu, aukaafurðir úr dýrum, kímefni, samsettar afurðir og hey og hálm.
- 4) Til að taka tillit til tiltekinna krafna varðandi affermingu tiltekinna sendinga sem eru ekki í flátum, s.s. sendinga af lagarafurðum eða sendinga af aukaafurðum úr dýrum, sem samanstanda t.d. af ull, og stórra sendinga af vörum í lausri vigt, sem samanstanda af miklu magni af vörum sem eru fluttar óinnpakkaðar, ættu landamæraeftirlitsstöðvar, í tilteknum tilvikum, að vera undanþegnar frá kröfunni um að vera með affermingarsvæði undir þaki. Að teknu tilliti til þess að sendingar af fljótandi farmi í lausu máli með afurðum úr dýraríkinu og afurðum sem eru ekki úr dýraríkinu eru affermdar beint úr flutningatækinu í geyma gegnum sérstök rör ætti ekki að gera þá kröfu að fyrir hendi séu svæði eða rými á landamæraeftirlitsstöðvum til að afferma vörur og skoðunarrými eða -svæði til að inna af hendi opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem varðar fljótandi farm í lausu máli.
- 5) Með það fyrir augum að koma í veg fyrir áhættu á víxlmengun þykir rétt að mæla fyrir um kröfur varðandi aðskilnað á starfsstöðvum til affermingar, geymslu og skoðunar á landamæraeftirlitsstöðvum sem hafa verið tilnefndar fyrir afurðir úr dýraríkinu, samsettar afurðir, aukaafurðir úr dýrum og kímefni. Þó ætti að kveða á um heimild til undanþágu frá kröfunum um aðskilnað þegar landamæraeftirlitsstöðin hefur einungis verið tilnefnd fyrir innpakkaðar vörur, eða fyrir innpakkaðar og tilteknar óinnpakkaðar vörur, þegar áhættumat lögbærra yfirvalda á landamæraeftirlitsstöðinni

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 165, 21.6.2019, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/2020 frá 7. febrúar 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 93, 7.4.2017, bls. 3.

sýnir að enginn möguleiki sé á víxlmengun. Til að taka á skilvirkan hátt á áhættu á víxlmengun skulu lögbær yfirvöld, í síðara tilvikinu, þar að auki tryggja aðskilnað í tíma að því er varðar meðhöndlun sendinga og að starfsstöðvar séu hreinsaðar og sóthreinsaðar milli komu sendinga.

- 6) Þar eð dýr og vörur, sem koma inn í Sambandið og falla undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum, eru e.t.v. ekki í samræmi við löggjöf Sambandsins þykir rétt, til að koma í veg fyrir alla áhættu á víxlmengun, að setja reglur til að banna notkun tiltekinna starfsstöðva á landamæraeftirlitsstöðvum fyrir sendingar af dýrum og vörum, sem eru ætlaðar fyrir viðskipti innan Sambandsins, og til að leyfa slíka notkun fyrir sendingar af dýrum og vörum sem eru ætlaðar til útflutnings eða sem eru fluttar frá einum stað á yfirráðasvæði Sambandsins á annan stað á yfirráðasvæði Sambandsins, eftir að hafa farið gegnum yfirráðasvæði þriðja lands, að því tilskildu að lögbær yfirvöld komi í framkvæmd viðeigandi forvarnarráðstöfunum gegn áhættu. Slíkar ráðstafanir ættu að byggjast á mati á því hvort viðkomandi starfsstöðvar eru í stakk búnar til að sinna slíkri viðbótarstarfsemi. Lögbær yfirvöld ættu að vera með viðeigandi ráðstafanir til staðar til að meðhöndla dýr í samræmi við reglur Sambandsins um velferð dýra.
- 7) Til að stuðla að skilvirkni opinbers eftirlits og annarrar opinberrar starfsemi ætti að gera ráð fyrir ákveðnum sveigjanleika með því að heimila, við tiltekin skilyrði, notkun geymsluaðstöðu hjá atvinnufyrirtækjum og geymslu í flutningatekjunum sem voru notuð til að flytja sendinguna á landamæraeftirlitsstöðina.
- 8) Til að stuðla að skilvirkri skipulagningu og framkvæmd opinbers eftirlits og annarrar opinberrar starfsemi þykir rétt að heimila skiptingu landamæraeftirlitsstöðva í eina eða fleiri skoðunarmiðstöðvar þar sem eftirlit með þeim flokkum dýra og vara, sem landamæraeftirlitsstöðin hefur verið tilnefnd fyrir, skal fara fram. Í þessu samhengi ætti að mæla fyrir um lágmarkskröfur fyrir skoðunarmiðstöðvar.
- 9) Framkvæmdastjórnin ætti að leggja mat á það, sem hluti af tilnefningarferlinu fyrir landamæraeftirlitsstöð, hvort skoðunarmiðstöðvar uppfylli lágmarkskröfur fyrir landamæraeftirlitsstöðvar, sem settar eru fram í 3. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, og ítarlegar reglur um lágmarkskröfur í þessari reglugerð. Af þessum sökum ættu aðildarríki að láta fylgja allar nauðsynlegar upplýsingar um skoðunarmiðstöðvar þegar þau tilkynna framkvæmdastjórninni um tilnefningu landamæraeftirlitsstöðvar.
- 10) Til að tryggja tilhlýðilega sannprófun á því að landamæraeftirlitsstöðvar og skoðunarmiðstöðvar á slíkum stöðvum uppfylli lágmarkskröfurnar, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, og ítarlegu reglurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, ættu aðildarríki að upplýsa framkvæmdastjórnina um allar breytingar á innviðum eða starfsemi landamæraeftirlitsstöðvar eða skoðunarmiðstöðvar innan þeirrar stöðvar ef slíkar breytingar kalla á uppfærslu á upplýsingunum sem látnar eru í té til framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 2. mgr. 59. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625. Því er rétt að gera þá kröfu í þessari reglugerð að aðildarríki upplýsi framkvæmdastjórnina til samræmis við það.
- 11) Í 2. mgr. 53. gr. og 1. mgr. 60. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 er þess krafist að hvert aðildarríki sé með uppfærðar skrár yfir landamæraeftirlitsstöðvar og eftirlitsstaði á sínu yfirráðasvæði aðgengilegar á Netinu og veiti tilteknar upplýsingar fyrir hverja landamæraeftirlitsstöð og hvern eftirlitsstað. Því er rétt að mæla í þessari reglugerð fyrir um snið fyrir skrárnar yfir landamæraeftirlitsstöðvar og eftirlitsstaði ásamt skammstöfunum sem nota skal til að tilgreina flokka dýra og vara, sem landamæraeftirlitsstöðvar og eftirlitsstaðir hafa verið tilnefnd fyrir, og tilteknar viðbótarupplýsingar sem varða gildissvið tilnefningarinnar.
- 12) Af ástæðum sem varða gagnsæi ættu allar skoðunarmiðstöðvar, sem eru notaðar sem hluti af landamæraeftirlitsstöð, að vera skráðar ásamt stöðinni sjálfri í skránni yfir landamæraeftirlitsstöðvar og tilgreindir þeir flokkar dýra og vara sem eftirlit er haft með í skoðunarmiðstöðvunum. Allar breytingar sem varða skoðunarmiðstöðvar ætti að endurspeгла á nákvæman hátt í skránni.
- 13) Reglurnar, sem framkvæmdastjórnin skal fastsetja í samræmi við 2. mgr. 60. gr. og 4. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, eru nátengdar þar eð þær varða allar kröfur sem gilda um landamæraeftirlitsstöðvar og eftirlitsstaði og því ættu þær að koma til framkvæmda frá og með sömu dagsetningu. Til að auðvelda rétta og heildstæða beitingu þessara reglna er rétt að fastsetja þær í einni gerð.

- 14) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/812/EB ⁽²⁾ er mælt fyrir um lágmarkskröfur fyrir skoðunarstöðvar á landamærum, sem eru samþykktar í samræmi við tilskipun ráðsins 97/78/EB ⁽³⁾, fyrir skoðunarmiðstöðvar og reglur um skráningu þeirra. Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/821/EB ⁽⁴⁾ er tekin saman skrá yfir samþykktar skoðunarstöðvar á landamærum. Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/22/EB ⁽⁵⁾ er mælt fyrir um lágmarksskilyrði fyrir framkvæmd eftirlits með plöntuheilbrigði á skoðunarstöðvum fyrir plöntur, plöntuafurðir og aðra hluti sem koma frá þriðju löndum í samræmi við tilskipun ráðsins 2000/29/EB ⁽⁶⁾. Til að tryggja samræmi og komast hjá því að kröfur skarist ætti að fella ákvörðun 2001/812/EB, ákvörðun 2009/821/EB og tilskipun 98/22/EB úr gildi.
- 15) Viðkomandi ákvæði og valdheimildir sem framkvæmdastjórninni eru veittar og sett eru fram í reglugerð (ESB) 2017/625 koma til framkvæmda frá og með 14. desember 2019. Því ættu reglurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, einnig að koma til framkvæmda frá og með þeirri dagsetningu.
- 16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um framkvæmd reglugerðar (ESB) 2017/625 að því er varðar:
 - a) sameiginlegar, ítarlegar reglur um lágmarkskröfur fyrir innviði, búnað og gögn á landamæraeftirlitsstöðvum og eftirlitsstöðum, öðrum en landamæraeftirlitsstöðvum,
 - b) sértækar ítarlegar reglur um lágmarkskröfur fyrir landamæraeftirlitsstöðvar sem eru tilnefndar fyrir þá flokka dýra og vara sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625,
 - c) ítarlegar reglur um lágmarkskröfur fyrir skoðunarmiðstöðvar,
 - d) snið, flokka, skammstafanir og aðrar upplýsingar fyrir skráningu landamæraeftirlitsstöðva og annarra eftirlitsstaða en landamæraeftirlitsstöðva.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „innpakkaðar vörur“: vörur sem eru settar í umbúðir af einhverju tagi sem umlykja vörurnar fullkomlega til að koma í veg fyrir leka og að innihald tapist,
2. „skoðunarmiðstöð“: aðskilin starfsstöð sem er komið á fót innan landamæraeftirlitsstöðvar til að annast opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem varðar dýr og vörur innan gildissviðs tilnefningar landamæraeftirlitsstöðvarinnar,
3. „hóf- og klaufdýr“: hóf- og klaufdýr eins og þau eru skilgreind í d-lið 2. gr. tilskipunar ráðsins 2004/68/EB ⁽⁷⁾,
4. „skráð dýr af hestaætt“: skráð dýr af hestaætt eins og þau eru skilgreind í c-lið 2. gr. tilskipunar ráðsins 2009/156/EB ⁽⁸⁾.

⁽²⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/812/EB frá 21. nóvember 2001 um kröfur um viðurkenningu á skoðunarstöðvum á landamærum sem annast dýraheilbrigðiseftirlit með afurðum sem eru fluttar inn í Bandalagið frá þriðju löndum (Stjtið. EB L 306, 23.11.2001, bls. 28).

⁽³⁾ Tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum (Stjtið. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9).

⁽⁴⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/821/EB frá 28. september 2009 um að taka saman skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum, um að mæla fyrir um tilteknar reglur um skoðanir, sem framkvæmdar eru af heilbrigðisráðgjöfingum framkvæmdastjórnarinnar á sviði dýra og dýraafurða og um að mæla fyrir um dýralæknæiningar í Traces-tölvukerfinu (Stjtið. ESB L 296, 12.11.2009, bls. 1).

⁽⁵⁾ Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/22/EB frá 15. apríl 1998 um lágmarksskilyrði varðandi framkvæmd eftirlits með plöntuheilbrigði í Bandalaginu á öðrum skoðunarstöðvum en skoðunarstöðvum á ákvörðunarstað að því er varðar plöntur, plöntuafurðir eða aðra hluti sem koma frá þriðju löndum (Stjtið. EB L 126, 28.4.1998, bls. 26).

⁽⁶⁾ Tilskipun ráðsins 2000/29/EB frá 8. maí 2000 um verndarráðstafanir gegn því að inn í Bandalagið berist lífverur sem eru skaðlegar plöntum eða plöntuafurðum og gegn útbreiðslu þeirra innan Bandalagsins (Stjtið. EB L 169, 10.7.2000, bls. 1).

⁽⁷⁾ Tilskipun ráðsins 2004/68/EB frá 26. apríl 2004 um reglur um heilbrigði dýra vegna innflutnings og umflutnings tiltekinna hóf- og klaufdýra á fæti í Bandalaginu, breytingu á tilskipunum 90/426/EBE og 92/65/EBE og niðurfellingu á tilskipun 72/462/EBE (Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 321).

⁽⁸⁾ Tilskipun ráðsins 2009/156/EB frá 30. nóvember 2009 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra, sem hafa áhrif á flutninga dýra af hestaætt og innflutning þeirra frá þriðju löndum (Stjtið. ESB L 192, 23.7.2010, bls. 1).

I. KAFLI

Sameiginlegar lágmarkskröfur fyrir landamæraeftirlitsstöðvar

3. gr.

Innviðir landamæraeftirlitsstöðva

1. Landamæraeftirlitsstöðvar, sem eru tilnefndar fyrir þá flokka dýra og vara sem um getur í 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, skulu vera með eftirfarandi starfsstöðvar:

- a) svæði eða rými þar sem afferma skal dýr eða vörur. Slík svæði verða að vera undir þaki nema í þeim tilvikum sem um getur í 4. mgr.,
- b) skoðunarrými eða skoðunarsvæði með heitu og köldu vatni og aðstöðu til að þvo og þurrka hendur,
- c) svæði eða rými til að hýsa dýr og geymslusvæði eða geymslurými, þ.m.t. rými fyrir kalda geymslu þegar það á við fyrir þann vöruflokk sem landamæraeftirlitsstöðin hefur verið tilnefnd fyrir, og
- d) aðgang að salernum með aðstöðu til að þvo og þurrka hendur.

2. Rýmin, sem um getur í 1. mgr., skulu vera með vegg, gólf og loft sem auðvelt er að hreinsa og sótthreinsa, fullnægjandi fráveitubúnað og fullnægjandi náttúrulega lýsingu eða gervilýsingu.

3. Svæðin, sem um getur í 1. mgr., skulu vera auðhreinsanleg, vera með fullnægjandi fráveitubúnað og fullnægjandi náttúrulega lýsingu eða gervilýsingu.

4. Sú krafa að affermingarsvæði skuli vera undir þaki, sem kveðið er á um í a-lið 1. mgr., skal ekki gilda í eftirfarandi tilvikum:

- a) um sendingar af lagarafurðum til manneldis sem eru ekki í ílátum,
- b) um sendingar af aukaafurðum úr dýrum sem samanstanda af ull, unnu dýraprótni í lausri vigt, húsdýraáburði í lausavigt eða gúanói og
- c) um sendingar af miklu magni af vörum í lausri vigt sem um getur í c-, d- og e-lið 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.

5. Þess skal ekki krafist að starfsstöðvarnar, sem um getur í a- og b-lið 1. mgr., inni af hendi opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem varðar fljótandi farma í lausu máli úr dýraríkinu og sem eru ekki úr dýraríkinu.

6. Aðildarríki geta veitt landamæraeftirlitsstöðvum, sem hafa verið tilnefndar fyrir þá flokka vara sem um getur í c-lið 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, undanþágu frá eftirfarandi kröfum:

- a) að vera með rennandi heitt og kalt vatn og aðstöðu til að þvo og þurrka hendur, eins og um getur í b-lið 1. mgr., og
- b) að vera með rými með loft sem auðvelt er að sótthreinsa eins og um getur í 2. mgr.

7. Starfsstöðvarnar, sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr., skulu ekki notaðar fyrir aðra flokka vara, sem um getur í 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, þegar þær eru notaðar fyrir afurðir úr dýraríkinu og samsettar afurðir.

8. Starfsstöðvarnar, sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr., skulu ekki notaðar fyrir matvæli sem eru ekki úr dýraríkinu þegar þær eru notaðar fyrir kímefni og aukaafurðir úr dýrum.

9. Þrátt fyrir kröfurnar í 7. og 8. mgr. mega landamæraeftirlitsstöðvar samnýta starfsstöðvar, sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr., í eftirfarandi tilvikum:

- a) landamæraeftirlitsstöðvar sem hafa eingöngu verið tilnefndar fyrir flokka innpakkaðra vara eða

- b) landamæraeftirlitsstöðvar sem hafa verið tilnefndar fyrir flokka innpakkaðra vara og óinnpakkaðra vara, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:
- lögbær yfirvöld framkvæma áhættumat á landamæraeftirlitsstöðvunum þar sem sýnt er fram á hvernig unnt er að tryggja að komið sé í veg fyrir víxlmengun og þau innleiða þær ráðstafanir sem eru tilgreindar í áhættumatinu til að koma í veg fyrir slíka víxlmengun og
 - lögbær yfirvöld tryggja aðskilnað í tíma milli meðhöndlunar á mismunandi sendingum af óinnpökkuðum vörum og milli meðhöndlunar á sendingum af óinnpökkuðum og innpökkuðum vörum. Á tímabilinu sem verður til við aðskilnað í tíma skulu starfsstöðvarnar, sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr., hreinsaðar og sótthreinsaðar.
10. Ákvæði 9. mgr. skulu ekki gilda um starfsstöðvarnar, sem um getur í c-lið 1. mgr., ef þær eru notaðar til geymslu á aukaafurðum úr dýrum í lausri vigt.
11. Lögbær yfirvöld á landamæraeftirlitsstöð geta heimilað, undir sínu eftirliti, notkun geymsluaðstöðu í atvinnurekstri fyrir vörurnar, sem um getur í 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, að því tilskildu að þessi aðstaða sé í grennd við landamæraeftirlitsstöðina og á valdsviði sama tollyfirvaldsins.
- Nota má slíka geymsluaðstöðu í atvinnurekstri til að framkvæma sannpröfun auðkenna og eftirlit með ástandi vara sem eru ekki úr dýraríkinu að því tilskildu að þessi aðstaða uppfylli lágmarkskröfurinnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.
12. Vörur, sem eru geymdar í geymsluaðstöðu í atvinnurekstri í samræmi við 11. mgr., skulu geymdar við hollustusamleg skilyrði og vera tilhlýðilega auðkenndar með strikamerkjum eða á öðru rafrænu formi eða með merkingum. Ef vörurnar geta skapað áhættu fyrir heilbrigði manna, dýra og plantna eða, ef um er að ræða erfðabreyttar lífverur og plöntuverndarvörur, einnig fyrir umhverfið skulu þær þar að auki hafðar í aðskildu læsanlegu rými eða á svæði sem er alveg aðskilið frá öllum öðrum vörum sem eru geymdar í geymsluaðstöðunni í atvinnurekstri.
13. Ef landamæraeftirlitsstöðin er staðsett við veg, járnbraut eða höfn má heimila geymslu um borð í flutningatækinu, sem var notað til að flytja vörurnar á landamæraeftirlitsstöðina, undir eftirliti lögbærra yfirvalda.
14. Aðildarríki skulu upplýsa framkvæmdastjórnina um allar breytingar á innviðum eða starfsemi landamæraeftirlitsstöðvar eða skoðunarmiðstöðvar innan þeirrar stöðvar ef slíkar breytingar kalla á uppfærslu á upplýsingunum sem látnar eru í té til framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 2. mgr. 59. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.

4. gr.

Búnaður og gögn á landamæraeftirlitsstöðvum

- Landamæraeftirlitsstöðvar skulu hafa aðgang að:
 - búnaði til að vigta sendingar þegar notkun hans skiptir máli fyrir flokka dýra og vara sem landamæraeftirlitsstöðin hefur verið tilnefnd fyrir,
 - búnaði til að afferma, opna og skoða sendingar,
 - hreinsunar- og sótthreinsunarbúnaði og leiðbeiningum um notkun hans eða skjalfestu kerfi hreinsunar og sótthreinsunar þar sem aðili utan landamæraeftirlitsstöðvarinnar annast hreinsun og sótthreinsun og
 - fullnægjandi búnaði fyrir geymslu til bráðabirgða á sýnum við stýrt hitastig meðan þess er beðið að þau verði send á rannsóknarstofu og hentug flát til að flytja þau.
- Í skoðunarrými eða á skoðunarsvæðum, eftir því sem við á fyrir þá flokka dýra eða vara sem landamæraeftirlitsstöðin hefur verið tilnefnd fyrir, skal vera:
 - borð með sléttu þvottheldu yfirborði sem er auðvelt að hreinsa og sótthreinsa,
 - hitamælir til að mæla yfirborðs- og kjarnahita varanna,
 - afísingarbúnaður,
 - sýnatökubúnaður og
 - innsigli slímband og tölusett innsigli eða greinilega merktir merkimiðar til að tryggja rekjanleika.
- Ef nauðsyn krefur, til að tryggja heildstæði sýna sem eru tekin sem hluti af opinberu eftirliti, skulu vera fyrir hendi ítarlegar leiðbeiningar sem varða sýnatöku til greiningar og flutning slíkra sýna á tilnefnda opinbera rannsóknarstofu.

II. KAFLI

Sértækar lágmarkskröfur fyrir landamæraeftirlitsstöðvar

5. gr.

Landamæraeftirlitsstöðvar sem eru tilnefndar fyrir flokka dýra

1. Til viðbótar við kröfurnar í 3. og 4. gr. skulu landamæraeftirlitsstöðvar, sem hafa verið tilnefndar fyrir dýr sem um getur í a-lið 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, vera með eftirfarandi:

- a) búningasklefa með sturtuðstöðu,
 - b) svæði eða rými til affermingar á dýrunum, sem um getur í a-lið 1. mgr. 3. gr., þar sem er fullnægjandi pláss, lýsing og loftræsting,
 - c) búnað til fóðrunar og brynningar,
 - d) geymsluaðstöðu fyrir fóður, fyrir undirburð og fyrir hálm og húsdýraáburð eða ráðstafanir fyrir hendi til að utanaðkomandi aðili sjái um sömu aðstöðu,
 - e) svæði eða rými til hýsingar til að hafa eftirfarandi flokka dýra, sem landamæraeftirlitsstöðin hefur verið tilnefnd fyrir, aðskilið í haldi:
 - i. hóf- og klaufdýr, önnur en skráð dýr af hestaætt,
 - ii. skráð dýr af hestaætt og
 - iii. önnur dýr, önnur en hóf- og klaufdýr (en að meðtöldum hóf- og klaufdýrum í dýragörðum),
 - f) skoðunarrými eða skoðunarsvæði sem eru búin festibúnaði og nauðsynlegum búnaði til að gera klíníska rannsókn og
 - g) sérstaka aðgangsréin eða aðrar ráðstafanir til að hlífa dýrunum við allri óþarfa bið áður en þau koma á affermingarsvæðið.
2. Starfsstöðvarnar, sem um getur í b-, c-, e-, f- og g-lið 1. mgr., skulu vera hannaðar og byggðar, þeim viðhaldið og þær starfræktar þannig að komist sé hjá áverkum á dýrunum og ónauðsynlegum þjáningum þeirra og að öryggi þeirra sé tryggt.
3. Starfsstöðvarnar, sem um getur í a-, b-, c-, e- og f-lið 1. mgr., skulu mynda eina samþætta og fullbúna vinnueiningu.
4. Starfsstöðvarnar, sem um getur í 1. mgr., skulu ekki notaðar til að inna af hendi opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem varðar sendingar af dýrum sem eru ætluð fyrir viðskipti innan Sambandsins.

Heimilt er að nota starfsstöðvarnar, sem um getur í 1. mgr., til að inna af hendi opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem varðar sendingar af dýrum sem eru ætlaðar til útflutnings frá Sambandinu eða sem eru fluttar frá einu af yfirráðasvæðunum, sem eru skráð í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/625, yfir á annað yfirráðasvæði, sem er skráð í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/625, eftir að hafa farið gegnum yfirráðasvæði þriðja lands, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) lögbær yfirvöld framkvæma áhættumat á landamæraeftirlitsstöðvunum þar sem sýnt er fram á hvernig unnt er að tryggja að komið sé í veg fyrir víxlmengun og þau innleiða þær ráðstafanir sem eru tilgreindar í áhættumatinu til að koma í veg fyrir slíka víxlmengun og
 - b) lögbær yfirvöld tryggja aðskilnað í tíma milli meðhöndlunar á sendingum af dýrum, sem eru ætlaðar til útflutnings frá Sambandinu eða sem eru fluttar frá einu af yfirráðasvæðunum, sem eru skráð í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/625, yfir á annað yfirráðasvæði, sem er skráð í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/625, eftir að hafa farið gegnum yfirráðasvæði þriðja lands, og öllum öðrum sendingum af dýrum sem koma inn í Sambandið. Á tímabilinu sem verður til við aðskilnað í tíma skulu starfsstöðvar, sem eru notaðar til að meðhöndla sendingar af dýrum, hreinsaðar og sótthreinsaðar.
5. Ekki skal nota starfsstöðvarnar, sem um getur í b-, c-, e- og f-lið 1. mgr., einnig fyrir þá flokka vara sem um getur í 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.

6. gr.

Landmæraeftirlitsstöðvar sem eru tilnefndar fyrir flokka afurða úr dýraríkinu, aukaafurða úr dýrum, kímefna, samsettra afurða og hey og hálm

1. Til viðbótar við kröfurnar í 3. og 4. gr. skulu landmæraeftirlitsstöðvar sem hafa verið tilnefndar fyrir þá flokka vara sem um getur í b-lið 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625:
 - a) vera með skoðunarrými, sem um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr., með aðstöðu til að viðhalda hitastýrðu umhverfi ef nauðsyn krefur,
 - b) ef þær hafa verið tilnefndar fyrir flokka vara sem eru kældar, frystar og við umhverfishita: geta geymt þessar vörur samtímis í hverjum viðeigandi hitastigsflokki fyrir sig meðan beðið er eftir niðurstöðum úr greiningu á rannsóknarstofu, prófunum eða sjúkdómsgreiningu eða meðan beðið er eftir niðurstöðum úr eftirliti lögbærs yfirvalds og
 - c) vera með búningsklefa.
2. Starfsstöðvarnar, sem um getur í 1. mgr., skulu mynda eina samþætta og fullbúna vinnueiningu.
3. Starfsstöðvarnar, sem um getur í 1. mgr., skulu ekki notaðar til að inna af hendi opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem varðar sendingar af vörum sem eru ætlaðar fyrir viðskipti innan Sambandsins.

Heimilt er að nota starfsstöðvarnar, sem um getur í 1. mgr., til að inna af hendi opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem varðar sendingar af vörum sem eru ætlaðar til útflutnings frá Sambandinu eða sem eru fluttar frá einu af yfirráðasvæðunum, sem eru skráð í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/625, yfir á annað yfirráðasvæði, sem er skráð í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/625, eftir að hafa farið gegnum yfirráðasvæði þriðja lands, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) lögbær yfirvöld framkvæma áhættumat á landmæraeftirlitsstöðvunum þar sem sýnt er fram á hvernig unnt er að tryggja að komið sé í veg fyrir víxlmengun og þau innleiða þær ráðstafanir sem eru tilgreindar í áhættumatinu til að koma í veg fyrir slíka víxlmengun og
 - b) lögbær yfirvöld tryggja aðskilnað í tíma milli meðhöndlunar á sendingum af vörum, sem eru ætlaðar til útflutnings frá Sambandinu eða sem eru fluttar frá einu af yfirráðasvæðunum, sem eru skráð í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/625, yfir á annað yfirráðasvæði, sem er skráð í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/625, eftir að hafa farið gegnum yfirráðasvæði þriðja lands, og öllum öðrum sendingum af vörum sem koma inn í Sambandið. Á tímabilinu sem verður til við aðskilnað í tíma skulu starfsstöðvar, sem eru notaðar til að meðhöndla sendingar af vörum, hreinsaðar og sótthreinsaðar.
4. Kröfurnar, sem um getur í 1., 2. og 3. mgr., skulu ekki gilda um framkvæmd opinbers eftirlits og aðra opinbera starfsemi sem varðar fljótandi farm í lausu máli með afurðum úr dýraríkinu og afurðum sem eru ekki úr dýraríkinu.
 5. Heimilt er að skoða lifandi froska, lifandi fiska og lifandi hryggleysingja, sem eru ætlaðir til manneldis, og egg til útungunar og beitu á landmæraeftirlitsstöðvum sem hafa verið tilnefndar fyrir þá flokka vara sem um getur í b-lið 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.

III. KAFLI

Skrár yfir landmæraeftirlitsstöðvar og eftirlitsstaði

7. gr.

Snið, flokkar, skammstafanir og aðrar upplýsingar fyrir skrána yfir landmæraeftirlitsstöðvar og eftirlitsstaði

1. Aðildarríki skulu nota sniðið sem sett er fram í I. viðauka til að veita upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. 60. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.
2. Við samantekt skráa yfir landmæraeftirlitsstöðvar, sem um getur í 1. mgr. 60. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, og skráa yfir eftirlitsstaði í samræmi við 2. mgr. 53. gr. reglugerðar 2017/625 skulu aðildarríki nota skammstafanirnar og nákvæmu skilgreiningarnar sem settar eru fram í II. viðauka.
3. Með skránum yfir landmæraeftirlitsstöðvar og eftirlitsstaði skulu fylgja skýringar sem innihalda skammstafanirnar og nákvæmu skilgreiningarnar sem settar eru fram í II. viðauka.

IV. KAFLI

Skoðunarmiðstöðvar

8. gr.

Kröfur fyrir skoðunarmiðstöðvar

1. Landamæraeftirlitsstöðvar geta verið settar saman úr einni eða fleiri skoðunarmiðstöðvum sem sinna, eins og nauðsyn krefur, opinberu eftirliti og annarri opinberri starfsemi varðandi flokka dýra og vara sem falla innan gildissviðs tilnefningar landamæraeftirlitsstöðvarinnar.

2. Skoðunarmiðstöðvar skulu uppfylla lágmarkskröfur fyrir landamæraeftirlitsstöðvar, sem settar eru fram í 3. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, og fara að ítarlegum reglum um lágmarkskröfur í þessari reglugerð.

Kröfurnar í f-lið 3. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 skulu ekki gilda um skoðunarmiðstöðvar sem hafa aðgang að tækni og búnaði til að starfrækja upplýsingastjórnunarkerfi fyrir opinbert eftirlit, sem um getur í 131. gr. þeirrar reglugerðar, og öðrum tölvustýrðum upplýsingastjórnunarkerfum sem eru tiltæk í annarri starfsstöð á sömu landamæraeftirlitsstöðinni.

3. Skoðunarmiðstöðvar verða að vera:

a) á valdsviði sama töllyfirvalds landamæraeftirlitsstöðvarinnar og

b) undir eftirliti lögbærs yfirvalds landamæraeftirlitsstöðvarinnar.

4. Þegar aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni um tilnefningu landamæraeftirlitsstöðvar, í samræmi við 59. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, skulu þau einnig leggja fyrir framkvæmdastjórnina allar viðeigandi upplýsingar sem varða allar skoðunarmiðstöðvar sem settar eru upp innan slíkrar landamæraeftirlitsstöðvar.

5. Aðildarríki skulu tilgreina hverja skoðunarmiðstöð ásamt viðkomandi landamæraeftirlitsstöð, sem er tilnefnd í samræmi við 59. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, í samræmi við sniðið sem sett er fram í I. viðauka. Í upplýsingunum skulu einnig tilgreindir þeir flokkar dýra og vara sem eftirlit er haft með á skoðunarmiðstöðvum í samræmi við 7. gr.

6. Aðildarríki skulu fella skoðunarmiðstöðvar brott af skránni, sem um getur í 5. mgr., um leið og þær hætta að uppfylla ákvæði 2. og 3. mgr. og upplýsa framkvæmdastjórnina um brottfellinguna og ástæðurnar fyrir þessari ákvörðun.

9. gr.

Niðurfellingar

Ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar 2001/812/EB og 2009/821/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/22/EB eru felldar úr gildi frá og með 14. desember 2019.

10. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 14. desember 2019.

Að því er varðar landamæraeftirlitsstöðvar sem eru tilnefndar fyrir vörur sem um getur í 47. gr. (c-lið 1. mgr.) reglugerðar (ESB) 2017/625 í samræmi við 59. gr. (1. mgr.) þeirrar reglugerðar og sem hafa ekki, á gildistökudegi þessarar reglugerðar, yfir að ráða svæðum eða rýmum til affermingar, sem eru undir þaki, skal þó 3. gr. (annar málsliður a-liðar 1. mgr. og 3. mgr.) koma til framkvæmda frá og með 14. desember 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. júní 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Snið fyrir skrárnar yfir landamæraeftirlitsstöðvar

1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.
<i>Landamæra- eftirlitsstöð</i>	<i>Samskipta- upplýsingar</i>	<i>Kóði í Traces- kerfinu</i>	<i>Tegund flutninga</i>	<i>Skoðunarmið- stöðvar</i>	<i>Flokkar dýra og vara og nákvæmar skilgreiningar</i>	<i>Nákvæmar viðbótarskilgrein- ingar varðandi gildissvið til- nefningarinnar</i>

Snið fyrir skrárnar yfir eftirlitsstaði

1.	2.	3.	6.	7.
<i>Eftirlitsstaður</i>	<i>Samskiptaupplýsingar</i>	<i>Kóði í Traces-kerfinu</i>	<i>Flokkar dýra og vara og nákvæmar skilgreiningar</i>	<i>Nákvæmar við- bótarskilgreiningar varðandi gildissvið til- nefningarinnar</i>

II. VIÐAUKI

Reitur nr. 1: Landamæraeftirlitsstöð/eftirlitsstaður

Heiti landamæraeftirlitsstöðvar/eftirlitsstaðar

Reitur nr. 2: Samskiptaupplýsingar landamæraeftirlitsstöðvarinnar og eftirlitsstaðarins

Fullt heimilisfang

tölvupóstfang

símanúmer

Opnunartímar (einungis skyldubundið fyrir landamæraeftirlitsstöðvar)

Vefsetur (einungis skyldubundið fyrir landamæraeftirlitsstöðvar)

Reitur nr. 3:

Úthlutaður kóði í Traces-kerfinu

Reitur nr. 4: Tegund flutninga á landamæraeftirlitsstöð

A = Flugvöllur

F = Járabraut

P = Höfn

R = Vegur

Reitur nr. 5: Skoðunarmiðstöðvar

(Athugið að nokkrar skoðunarmiðstöðvar geta verið innan landamæraeftirlitsstöðvar)

Heiti skoðunarmiðstöðvar

Heimilisfang og samskiptaupplýsingar

Reitur nr. 6: Landamæraeftirlitsstöð og eftirlitsstaður

Flokkar dýra og vara og nákvæmar skilgreiningar

Reitur nr. 7: Landamæraeftirlitsstöð og eftirlitsstaður

Nákvæmar viðbótarskilgreiningar varðandi gildissvið tilnefningarinnar: frjáls texti til að veita nákvæmar viðbótarskilgreiningar (1)

Skammstafanir og nákvæmar skilgreiningar sem eiga við um flokka dýra og vara sem landamæraeftirlitsstöðin/eftirlitsstaðurinn er tilnefnd(ur) fyrir, þ.m.t. skoðunarmiðstöðvar eftir atvikum.

a) Að því er varðar dýr sem um getur í a-lið 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625

Skammstafanir	
LA	Lifandi dýr
-U	Hóf- og klaufdýr, önnur en skráð dýr af hestaætt
-E	Skráð dýr af hestaætt
-O	Önnur dýr, önnur en hóf- og klaufdýr (í þessari skammstöfun eru meðtalín hóf- og klaufdýr í dýragörðum)

Nákvæmar skilgreiningar

(*)	Tímabundin niðurfelling landamæraeftirlitsstöðvar og eftirlitsstaðar eins og um getur í 63. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625
1)	Sjá nákvæmar viðbótarskilgreiningar í reit 7

b) Að því er varðar afurðir úr dýraríkinu, samsettar afurðir, kímefni, aukaafurðir úr dýrum, hey og hálm sem um getur í b-lið 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 eða sem falla undir skilyrði eða ráðstafanir sem um getur í d-, e- eða f-lið 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625

Skammstafanir

POA	Afurðir úr dýraríkinu, samsettar afurðir, kímefni, aukaafurðir úr dýrum, hey og hálmur
-HC	Afurðir til manneldis
-NHC	Afurðir sem eru ekki til manneldis
-NT	Engin krafa um hitastig
-T	Frystar/kældar afurðir
-T(FR)	Frystar afurðir
-T(CH)	Kældar afurðir

Nákvæmar skilgreiningar

(*)	Tímabundin niðurfelling landamæraeftirlitsstöðvar og eftirlitsstaðar eins og um getur í 63. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625
1)	Sjá nákvæmar viðbótarskilgreiningar í reit 7
2)	Eingöngu innpakkaðar afurðir
3)	Eingöngu lagarafurðir
4)	Eingöngu fljótandi farmur í lausu máli

c) Að því er varðar plöntur, plöntuafurðir og aðra hluti sem getur í c-lið 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625

Skammstafanir

P	Plöntur
PP	Plöntuafurðir
PP(WP)	Viður og viðarvörur
OO	Aðrir hlutir

Nákvæmar skilgreiningar

(*)	Tímabundin niðurfelling landamæraeftirlitsstöðvar og eftirlitsstaðar eins og um getur í 63. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625
1)	Sjá nákvæmar viðbótarskilgreiningar í reit 7

d) Að því er varðar vörur, sem eru ekki úr dýraríkinu, sem um getur í d-, e- eða f-lið 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625

Skammstafanir

PNAO	Afurðir sem eru ekki úr dýraríkinu
-HC(matvæli)	Matvæli sem eru ekki úr dýraríkinu og falla undir skilyrði eða ráðstafanir sem um getur í d-, e- eða f-lið 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625
-NHC(fóður)	Fóður sem er ekki úr dýraríkinu og fellur undir skilyrði eða ráðstafanir sem um getur í d-, e- eða f-lið 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625
-NHC(annað)	Afurðir, sem eru ekki úr dýraríkinu, sem eru hvorki matvæli né fóður
-NT	Engin krafa um hitastig
-T	Frystar/kældar afurðir
-T(FR)	Frystar afurðir
-T(CH)	Kældar afurðir

Nákvæmar skilgreiningar

(*)	Tímabundin niðurfelling landamæraeftirlitsstöðvar og eftirlitsstaðar eins og um getur í 63. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625
1)	Sjá nákvæmar viðbótarskilgreiningar í reit 7
2)	Eingöngu innpakkaðar afurðir
4)	Eingöngu fljótandi farmur í lausu máli